

NES FRÉTTIR

AUGLÝSINGASÍMI
511 1188

MAÍ 2017 • 5. TBL. • 30. ÁRG.



Vesturbæjarútibú við Hagatorg

Hádegisstillboð

Fréttir 11-16

LÍTIL PIZZA
af matsæli og 0,333 cl gos **1.000 KR.**

MIBSTÆRÐ
af matsæli og 0,333 cl gos **1.500 KR.**

DOMINO'S APP WWW.DOMINOS.IS

Barnamenningarhátíð

Guðni Th. og fjölskylda fögnuðu með fyrrum nágrönnum



Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson ásamt Elizu Reid, eiginkonu sinni og börnum.

Blásið var til Barnamenningarhátíðar á Seltjarnarnesi fimmtudaginn 27. apríl. Hátíðin fór fram á Eiðistorgi, í Bókasafninu og Gallerí Gróttu með þátttöku um eitt hundrað barna á Nesinu sem skemmtu gestum, sáu um skreytingar og lögðu hátíðinni lið á einn eða annan máta.

Eiðistorgið var fært í hátíðarbúning og forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson og fjölskylda hans fögnuðu með fyrrum nágrönnum sínum og setti forsetinn hátíðardagskránna formlega. *Nánar á bls. 6.*

SELTJARNARNESBÆR

www.seltjarnarnes.is

24 Hagkaup

OPIÐ

ALLAN sólarhringinn á Eiðistorgi

Slökkvitækjaþjónustan

564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!

Systrasamlagið

Óðinsgata 1 - Reykjavík
Sími: 511 6367

Erum á Óðinsgötu 1

Mán. - fös.: 9 - 18.
Laugardagar: 11 - 17.

sjá nánar á www.facebook.com/Systrasamlagid
www.systrasamlagid.is



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

ÓKEYPIS
GREIÐSLUMAT
Á NETINU

HÚSNÆÐISÞJÓNUSTA
ÍSLANDBANKA

Netgreiðslumat Íslandsbanka
er endurgjaldslaust til ársloka

Íslandsbanki

NES FRÉTTIR

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
 RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þóroddur Ingimarsson
 UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is
 Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

www.borgarblod.is

Leiðari

Betri rekstur bæjarins

Tölur í ársreikningi Seltjarnarnesbæjar fyrir árið 2016 sýna rúmlega 160 milljóna króna afgang í stað rúmlega 27 milljóna króna rekstrarhalla árið á undan. Þetta er í takt við það sem almennt er að gerast í rekstri sveitarfélaga. Fjárhagsstaða þeirra er að batna og skuldir að lækka. Ein af ástæðum þess er að launahækkunarir sem orðið hafa eru farnar að skila sér í hærri útsvarsgreiðslum til sveitarfélaganna. Þá hefur hækkun fasteignaverðs áhrif á fasteignamat sem leiðir til hærri tekna af fasteignasköttum.

Fyrir nokkrum árum var farið í átak af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga og fleiri aðila til þess að bæta rekstur sveitarfélaganna sem sum hver höfðu farið verulega fram úr sér í fjárfestingum og öðrum útgjöldum. Settar voru ákveðnar fjármálaræglur og skuldaþak og fengu sveitarfélögin aðlögunartíma til að beygja sig undir þær. Þetta átak og reglur eru farin að skila árangri og hefur reynst sveitarstjórnnum vel við að gæta að rekstrarþáttum – bæði til tekna og gjalda.

Seltjarnarnesbær er vel efnum búíð og öflugt sveitarfélag. Eins er um marga íbúa þess. En Seltirningar eru að eldast og af því vakna spurningar um hvort hlutfall fólks sem lifir af lífeyristekjum og ef til vill fjármagnstekjum sé herra á Seltjarnarnesi en í nágrennasveitarfélögunum. Það getur þýtt lægri útsvarsgreiðslur til bæjarins en þegar um fólk með launatekjur er að ræða. Útkoman er góð en af þessum ástæðum er umhugsunarvert hvort hún gæti verið betri. Spurningin er um aldursamsetningu íbúanna.

Jákvæð

rekstrarniðurstaða Seltjarnarnesbæjar

- hlutfall Jöfnunarsjóðs hækkar

Rekstrarniðurstaða Seltjarnarnesbæjar var jákvæð um 70 m.kr. en fjárhagsáætlun hafði gert ráð fyrir afgangi upp á 68 m.kr. Nýir kjarasamningar og hækkunarir vegna starfsmats á liðnu ári urðu til þess að laun og tengd gjöld hækkðu á árinu og endurmat á lífeyrisskuldbindingum hækkaði einnig verulega milli ára. Rekstrartekjur jukust frá fyrra ári um 10,6% en laun og launatengd gjöld að meðtalinni hækkuðu vegna lífeyrisskuldbindinga um einungis 2% og annar rekstrarkostnaður um rúm 9%. Hluti af rekstrartekjum er framlag Jöfnunarsjóðs sem hækkar um rúm 22% á milli ára.

Heildarniðurstaða ársins er því sú að reksturinn, fyrir utan afskriftir, fjármunatekjur og fjármunagjöld, skilar rúmlega 160 milljóna króna afgangi í stað rúmlega 27 milljóna króna rekstrarhalla árið 2015. Sé aðeins horft til aðalsjóðs þá er rekstrarniðurstaða hans um 62 milljónir í stað 127,6 milljóna króna halla árið 2015. Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs er neikvæð sem nemur rúmlega 48 milljónum á móti rúmlega 19 milljónum króna árið 2015.

Sveitarfélagið stendur vel

Í bókun meirihluta bæjarstjórnar kemur fram að þótt launaútgjöld bæjarins hafi orðið nokkru hærri en gert var ráð fyrir tókst að draga úr öðrum rekstrarútgjöldum á móti. Meirihlutinn leggur áherslu á að ársreikningur fyrir árið 2016 sýni góða fjárhagsstöðu jafnframt því að álögum á íbúana er haldið í lágmarki eins og áður. Í bókuninni segir að ársreikningurinn sýni ábyrga fjármálastjórn, gott innra eftirlit sem þakka megi starfsmönnum bæjarins. Þar kemur einnig fram mikilvægi þess að lögð sé fram vonduð fjárhagsáætlunargerð og eftirlit með þróun raunkostna-



aðar sé mjög virkt, en það er eitt áhrifamesta stjórnþæki í rekstri hvers bæjarfélags. Þá er bent á að óhjákvæmilegt geti orðið að gera viðauka við fjárhagsáætlun innan ársins. Slíkir viðaukar á liðnu ári voru fáir, samþykktir samhljóða í bæjarráði og bæjarstjórn. Í bókun bæjarfulltrúa Samfylkingarinnar segir m.a. að sé litlið til gjalda-liða einstakra málaflokka sjáist að almennt hafi gengið vel að halda fjárhagsáætlun. Því ber að fagna og þakka beri öllu starfsfólki Seltjarnarnesbæjar sérstaklega fyrir vel unnin störf. Í bókun Neslistans segir m.a. að samkvæmt ársreikningi Seltjarnarnesbæjar fyrir árið 2016 standi sveitarfélagið vel fjárhagslega. Skuldir séu litlar fyrir utan lífeyrissjóðsskuldbindingar sem ekki verða til innan hefðbundins reksturs. Vaxtakostnaður sveitarfélagsins sé þess vegna afar litill og kemur sér vel fyrir reksturinn. Þetta sé ánægjulegur viðsnúningur.

HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070




Finndu okkur á
Facebook

Nesbúinn



Ég þarf að láta blessa
köttinn minn!



SKARTAÐU ÞÍNU FEGURSTA

aurum
BY
GUÐBJÖRG

Bankastræti 4 | 101 Reykjavík | www.aurum.is

Lögreglan

Hvetur til að láta vita af ferðum grunsamlegra ökutækja



Góð samvinna er milli bæjarins og lögreglunnar um löggæslumál, en lögreglustjóri Sigríður Björk Guðjónsdóttir hefur lagt ríka áherslu á samstarf og samvinnu við bæjarfélög. Á fundinum voru kynntar tölulegar upplýsingar um afbrot, hraðakstur o.fl. sem tengist Seltjarnarnesi.

Einnig var upplýst að öryggismyndavélar bæjarins við bæjarmörkin hafi margoft komið að góðu gagni við rannsókn mála. Þá var sagt frá því að lögreglan keyri reglulega um Nesið á ómerknum bílum, auk fastra ferða á merktum bílum.

Fjöldi ábendinga komu fram á fundinum og góðar umræður urðu um tölulegar upplýsingar sem kynntar voru. Það er gott að geta sagt frá því að allar tölur sýna að ástand mála er mjög gott hjá okkur, miðað við önnur bæjarfélög á höfuðborgarsvæðinu.

Alltaf er þó hægt að gera betur, og því hvet ég íbúa til þess að gefa því sérstaklega gaum ef það verður vart við ferðir ókunnugra, eða grunsamlegra ferðir ökutækja. Við þær aðstæður hvatti lögreglan fólk að senda inn ábendingar.

Lögreglan hvetur íbúa til þess að láta vita ef það verður vart við eitthvað grunsamlegt, með því að senda skilaboð á Facebooksíðu lögreglunnar. (www.facebook.com/logreglan eða með tölvupósti abendingar@lrh.is)

Ásgerður Halldórsdóttir,
bæjarstjóri.

Seltjarnarnesbær endurnýjar samning við Reiti



Myndin var tekin við undirritun samningsins en þar eru Soffía Karlsdóttir, sviðsstjóri menningar- og samskiptasviðs, Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri og Inga Rut Jónsdóttir viðskiptastjóri hjá Reitum.

Lagfæringar á húsnæði bókasafnsins taka um sex vikur

Í byrjun maí undirritaði bæjarstjóri Seltjarnarness, Ásgerður Halldórsdóttir, nýjan samning við Reiti vegna leigu á húsnæði Bókasafns Seltjarnarness á Eiðistorgi og tekur hann við af núgildandi samningi sem gildi til apríl 2018. Nýi samningurinn gildir í fimmtán ár eða til ársins 2032 og svipar að mörgu leyti til hins fyrra. Umsamið leiguverð helst óbreytt og fylgir vísitölu neysluverðs.

Í samningnum er kveðið á um að Reitir taki að sér endurbætur á húsnæðinu innandyra sem felur m.a. í sér endurnýjun gólfefna og lagfæringa á lofti. Þýðingarmesta framkvæmdin felst þó í aðgreiningu á rýmum Bókasafnsins og Hagkaupa, en lokað verður á milli hæðanna með berandi lofti til að takmarka hljóðleka sem berst frá Hagkaupum

upp í Bókasafnið. Framkvæmdin felur í sér að sett verður upp hurð á jarðhæðinni þar sem gengið verður upp í safnið. Breytingarnar krefjast mikils rasks á starfsemi safnsins og því verður það lokað frá 26. júní til 8. ágúst.

Safngestum er vinsamlega bent á þjónustu útibúa Borgarbókasafnsins og Bókasafns Mosfellsbæjar þar sem bókasafnsafnkortið fyrir Seltjarnarnes gildir einnig. Viðskiptamenn safnsins eru hvattir til að víða að sér útlánsefni áður en safninu verður lokað. Af þessum sökum verður útlánstími bóka, sem fengnar eru að láni frá og með 15. maí, lengdur til samræmis við lokunina.

Bókasafnið opnar að nýju þriðjudaginn 8. ágúst. Beðist er velvirðingar á þeim óþægindum sem lokunin kann að hafa í för með sér.



KOMDU MEÐ BÍLINN Í FRÍA TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málningarverkstæði

GB Tjónavíðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgeði með því að nota fyrsta flokk tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



Framrúðuskipti
Skiptum um framrúður og önnumst annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bíl.



Mössun / snyrting á lakk
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.



Dekkþjónusta
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílum á meðan hann er í viðgerð.



Rétting og málning
Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst trústru kröfur.



Bílaþvottur / djúphreinsun
Bjóðum við upp á almennan bílaþvott, djúphreinsun, bón ofl. Frír þvottur fylgir öllum viðgerðum.



Innréttingar / álkæði
Tökum að öksur víðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



Smáviðgerðir
Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slittflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Dragháls 6-8 • 110 Reykjavík sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is • www.tjon.is





Glæsileg verzlun með gæðamerki á góðu verði

Ray-Ban

COCOA MINT

SMITH

TOMMY HILFIGER

Red Bull

BOSS
HUGO BOSS

CEBÉ

LOUIS MARCÉL

bolle

iGreen
Hi-Tech Frames

Eyesland gleraugnaverslun er nú komin í nágrennið og leggur metnað sinn í að bjóða viðskiptavinum sínum vandaðar vörur á góðu verði. Heimspækt vörumerki og fjölbreytt vöruval. Í boði eru allskonar gleraugu, lesgleraugu sem og margskipt gleraugu, linsur, sólgleraugu, hjólagleraugu, hlaupagleraugu, skíðagleraugu, fjallagleraugu, veiðigleraugu með eða án styrks. Kíktu í heimsókn og skoðaðu úrvalið.



Centro Style 56342 umgjörð kr. 16.800,-



Cocoa Mint 2009 sólgleraugu kr. 12.900,-



Centro Style 56212 umgjörð kr. 16.800,-



Centro Style 56200 umgjörð kr. 16.800,-



Ray-Ban 1527-3573 barnaumgjörð kr. 19.875,-



CEBÉ sportgleraugu kr. 21.900,-



Tommy Hilfiger 1123 umgjörð kr. 26.850,-



Centro Style 56040 barnaumgjörð kr. 13.800,-

Gott verð á glerjum

Einfokus gler (USA) - verð frá kr. 7.380,-
Margskipt gler (USA) - verð frá kr. 19.980,-
(eingöngu í USA umgjörðir)

Einfokus gler - verð frá kr. 16.900,-
Margskipt gler - verð frá kr. 41.900,-

E
YES
LAND

gleraugu

Barnameningarhátíð á Seltjarnarnesi

Framhald af forsíðu.

Hátíðardagurinn hófst með opnun sýningarinnar Þetta vilja börnin sjá! í Gallerí Gróttu kl. 10 um morguninn. Þar gat að líta myndir eftir 24 myndskreyta úr 32 barnabókum sem komu út árið 2016. Hægt var að fylgjast með 3D prentun frá Hlutprent í Bókasafninu og á sama tíma hófst þar Vísindasmiðja Háskóla Íslands. Í Gallerí Gróttu var svo hægt að fylgjast með blöðrulistamanni leika listir sínar. Megin hátíðardagskráin var á Eiðistorgi. Þar var Húlladúllan með sýnikennslu og trúður skemmti gestum á torginu. Á torginu var líf og fjör. Þar tróð upp Lúðrasveit Seltjarnarness og stór hópur ungra flautuleikara og söngvara úr Tónlistarskóla Seltjarnarness. Stúlknabandið af

Nesinu, Stjúpmæðurnar, fluttu verðlaunalagið sem færði þeim annað sæti í söngkeppni MH, Freestyle dansarar úr Való sýndu einstaka danshæfileika sína, fulltrúar úr félagsmiðstöðinni Selinu á Samfés fluttu frábært tónlistaratriði og

að lokum tróðu elstu bekkingar grunnskólans upp með miklu sjónarspili úr söngleiknum Buggy Malone. Ísbúðin og kaffihúsið Arna bauð öllum börnum upp að 15 ára aldri upp á ókeypis ís í tilefni dagsins.



Það er einfalt að flokka plastumbúðir á Seltjarnarnesi

Pokar fyrir plastumbúðir fást íbúum að kostnaðarlausu í íþróttamiðstöðinni



1 Skolið umbúðir svo ekki komi ólykt við geymslu

2 Stafflið þeim saman svo þær taki minna pláss



3 Setjið umbúðirnar í pokann og bindið fyrir þegar hann er fullur



4 Setjið pokann í gráu tunnuna fyrir almennt sopp



Við flokkum pokana svo frá öðrum heimilisúrgangi í móttökustöð SORPU og komum plastinu í endurvinnslu

Nýjustu fréttir af verkefningu má finna á [facebook.com/plastsofnun](https://www.facebook.com/plastsofnun)

SORPA

Fjölskyldudagur í Gróttu

Fjörleg balkantónlist og klifurmeistarar í Gróttuvita

Gróttuviti lifnaði við á dögunum þegar fjörleg balkantónlist hljómaði innan veggja hans og klifurmeistarar léku listir sínar utan á honum.

Tílefnid var hinn árlegi Fjölskyldudagur í Gróttu, en þá er Gróttuviti, sem er eitt helsta kennileiti og stolt bæjarbúa á Seltjarnarnesi, opinn og gestum og gangandi boðið að þræða sig upp stigann í vitanum og njóta hins óviðjafnanlega útsýnis þegar efsta þrepi er náð. Dagskráin var afar fjölbreytt og sniðin að öllum aldurshópum. Meðal annars má nefna útijóga, opnun á hönnunarsýningunni Flæði, einstaka tónleika Valgeirs Guðjónssonar, rannsóknarsetur

sjávarlífvera fyrir börn, nikkuspil undir berum himni, flugdrekasmiðju, andlitsmálun, og vöfflukaffi og fleira og fleira. Takk fyrir komuna.



OPIÐ FYRIR ALLA

MATUR OG DRYKKIR Á SANNGJÖRNU VERÐI. BRUNCH KL. 11 - 14.
HAPPY HOUR ALLA DAGA FRÁ KL. 16 - 19 OG LAUGARDAGA TIL KL. 21.



STÚDEN
TAKJAL
LARINN

STÚDENTAKJALLARINN VEITINGA- OG SKEMMTISTAÐUR
Háskólatorg Sæmundargötu 4 studentakjallarinn.is



Nýr aðstoðar- leikskólastjóri

Margrét Gísladóttir hefur verið ráðin sem aðstoðarleikskólastjóri í Leikskóla Seltjarnarness í stað Önnu Harðardóttur, sem lætur af störfum í sumar vegna aldurs. Margrét er mörgum sem notið hafa þjónustu leikskólans að góðu kunn, þar sem hún hefur starfað við skólann allt frá árinu 2003.



Margrét hefur gegnt ýmsum hlutverkum innan leikskólans í gegnum árin og þekkir því vel til allrar starfsemi skólans og starfsstöðva hans. Margrét hefur tekið virkan þátt í innleiðingu þróunarverkefna í leikskólanum, m.a. „hringekjunnar“ sem hefur notið mikilla vinsælda meðal nemenda skólans og ánægju starfsfólks. Seltjarnarnesbær býður Margréti velkomna í nýtt hlutverk innan leikskólans og þakkar jafnframt Önnu Harðardóttur vel unnin störf í þágu skólans.

Seltjarnarnesbær styrkir Ársæl



Myndin var tekin við undirritun samnings en þar eru: Vilhjálmur Halldórsson frá Björgunarsveitinni, Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri og Haukur Geirmundsson sviðsstjóri íþróttanna.

Seltjarnarnesbær og Björgunarsveitin Ársæll hafa gert með sér þriggja ára samning sem gildir frá árinu 2017 til 2019.

Björgunarsveitin Ársæll hefur um árabíl unnið óeingingjarnt og metnaðarfullt starf sem landsmenn

allir hafa notið góðs af. Markmið samningsins er að styðja enn frekar við starf björgunarsveitarinnar með það að markmiði að reka öfluga björgunarsveit á Seltjarnarnesi í þágu bæjarbúa og landsmanna allra.

Aðalfundur framundan?

**Heildarlausn í
rekstri húsfélaga.**



www.eignausmsjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

Ungmennaráðið með opið hús

Ungmennaráð Seltjarnarness var með opið hús og allsherjar veislu í Ungmennahúsinu Skelinni sem er staðsett í sama húsnæði og Selið þann 10. maí sl.

Margt var um að vera í Skelinni þetta kvöld. Boðið var upp á pylsur, skemmtiatriði, happdrætti og kynningu á Ungmennaráðinu. Herlegheitin hófust klukkan 19:00 og stóðu yfir fram eftir kvöldi. Öllum aldurshópum var velkomnið að mæta og létu margir sjá sig.



31. MAÍ – 4. JÚNÍ

APOTEK
KITCHEN+BAR

VIKTOR ÖRN

bronsverðlaunahafi Bocuse d'Or 2017

Margverðlaunaði matreiðslumeistarinn Viktor Örn Andrússon er gestakokkur á Apotekinu 31. maí – 4. júní. Hann hefur af því tilefni sett saman girnilegan 7 rétta „Tasting Menu“ þar sem braðlökarnir verða kitlaðir. Skoðaðu seðilinn á apotek.is

Þú mátt bara ekki missa af þessu!

Boðapantanir í síma 551 0011

Austurstræti 16 / Sími 551 0011 / apotek.is

Bleikur sandur í Gallerí Gróttu

Bleikur sandur nefnist myndlistar-sýning Aðalheiðar Valgeirsdóttir í Gallerí Gróttu sem opnuð verður 27. maí og stendur til 16. júní n.k. Aðalheiður er myndlistarmaður og sjálfstætt starfandi listfræðingur og sýningarstjóri. Hún útskrifaðist frá grafíkdeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1982. Hún lauk MA-gráðu í listfræði frá Háskóla Íslands árið 2014 og BA-gráðu í listfræði með menningarfræði sem aukagrein árið 2011. Á sýningunni getur að líta málverk sem Aðalheiður hefur málað með olíu á striga á síðastliðnum 2 árum. Sýningin stendur til 16. júní.



Aðalheiður Valgeirsdóttir.

Í upphafi myndlistarferils síns vann Aðalheiður aðallega grafíkverk en sneri sér síðar að málverki í listsköpun sinni, auk þess sem hún vinnur einnig með teikningar og vatnsliti. Hún hefur haldið á þriðja tug einkasýninga og tekið þátt í fjölda samsýninga hér á landi og erlendis. Undanfarið hefur Aðalheiður einnig tekið að sér sýningarstjórnun og var ásamt Aldísi Arnardóttur sýningarstjóri sýningarinnar Tímalög – Karl Kvaran og Erla Þórarinsdóttir sem sett var upp í Listasafni Árnesinga á síðasta ári og sýningarstýrði sýningunni Heimkynni – Sigrid Valtingoer sem nú stendur yfir í Listasafni Árnesinga. Aðalheiður á nú sæti í innkaupanefnd Listasafns Íslands.



Á myndinni sjást þær Ásta og Ásdís ásamt áhugasömum nemendum sem tóku þátt í þessu verðuga verkefni og lærðu um leið mikilvægi þess að bera virðingu fyrir umhverfinu.

Flokkað á skólalóðinni

Kennslan í Mýró er ekki bara upp á bókina. Í góða veðrinu á dögum leiðbeindu kennararnir Ásta Vilhjálmsdóttir og Ásdís Jóna Arnkelsdóttir nemendum um flokkun á sorpi.

Nemendur tóku til á leiksvæðinu í kringum Mýró og kennararnir leiðbeindu þeim um hvernig greina ætti sorpið í sundur; hvað væri lífrænt, hvað plast og svo framvegis.



Te og kökuhúsið Kumiko

Við hjá Kumiko sérhönnum tertur fyrir öll tækifæri. Hver einasta terta er einstök. Hún er aðlöguð að tilefninu og óskum viðskiptavinarins.

Útfærslumöguleikarnir eru óteljandi. Við leggjum mikinn metnað í gerð hvernar tertu, notum aðeins hágæða hráefni og bjóðum einnig upp á vegan og glútenfría valkosti.

Fáið hugmyndir á heimasíðunni okkar kumiko.is eða sendið okkur póst á hello@kumiko.is

Grandagarði 101 // 101 Reykjavík
Opíð daglega sími 517 24 24
kumiko.is #helloworldkumiko

Viðtal við Ingibjörgu Ósk Þorvaldsdóttur

Ég ætla að snúa mér alfarið að leirnum

Ingibjörg Ósk Þorvaldsdóttir myndlistarmaður og kennari við Mýrarhússkóla á Seltjarnarnesi spjallar við Nesfréttir að þessu sinni. Ingibjörg er fædd í Reykjavík og flutti á Seltjarnarnesið árið 1984 þar sem hún hefur búið síðan. Hún útskrifaðist sem grunnskólakennari frá Kennaraháskóla Íslands árið 1981 með sögu og textílmennt að vali. Listamaðurinn blundaði í henni og hún bætti smíðanámi við sig í Kennaraháskólanum. Hún hefur starfað sem umsjónarkennari í Mýrarhúsaskóla í yfir 30 ár og sinnir nú kennslu í smíðum við skólann.

„Ég hafði hugsað mér að fara í Myndlistar- og handíðaskólann að kennaranáminu loknu en ekki varð af því vegna heimilis og barna. En ég var alltaf með hugann við þetta og þegar ég fékk námsleyfi frá Mýró skólaárið 2012 til 2013 þá lét ég drauminn rætast. Ég fór þá í nám í mótun við Myndlistaskólann í Reykjavík og eftir námsleyfið þá ákvað ég að ljúka diplómanámi þar.“

„Uppáklædd – All dressed up“

Nú hefur Ingibjörg komið sér upp vinnuaðstöðu í Íshúsi Hafnarfjarðar ásamt fleira listafólki. Fyrir tveimur árum vakti hún ahygli á Hönnunars Mars í Epal fyrir uppáhellingarkönnu sem ber nafnið „Uppáklædd – All dressed up“. Hvernig varð kannan til? „Hugmyndin er unnin út frá hugsuninni um snúning af öllu tagi, snúningi tvinnakeflis, leirrennibekks, hring-snúningi vatnsbununnar þegar hellt er upp á kaffi. Kannan er úr postulíni og þannig gerð að um gripflöt hennar er vafið annað hvort tréperlum eða bandi svo hægt sé að taka utan um heita könnuna og dregur hún nafn sitt af klæðningunni. Kannan er samsett úr fjórum hlutum, könnu, trekt, disk og loki. Þegar kannan er ekki í notkun þá sómir hún sér vel, tekur lítið pláss þar sem allir hlutir raðast saman og mynda eina heild,“ segir Ingibjörg.

Dreymdi um verkstæði en hvarflaði ekki að mér að það yrði í leir

Ingibjörg hefur alltaf stundað



Ingibjörg að störfum á vinnustofu sinni í Hafnarfirði.

kennslu frá því hún lauk við kennaraprófið. „Já – ég hef gert það og hef skipt mér á milli kennslu, framhaldsnáms og starfa að listsköpun. Ég kenndi textíl í hálfri stöðu fyrsta kennsluárið mitt og lauk námi í smíðakennslu samhliða því. Það var alltaf draumur minn að koma mér upp eigin verkstæði en á þeim tíma hvarflaði ekki að mér að það yrði í leir. Segja má að leið mín að leirlistinni hafi verið löng og með ýmsum krócaleiðum í gegnum önnur listform.“ Ingibjörg segir að þótt áhuginn hafi verið fyrir hendi að vera með verkstæði hafi orðið bið á svo yrði. Til að byrja með notaðist ég við aðstöðuna í bílskúrnun við Látraströndina. „Barnauppeldið var í fyrirrúmi ásamt starfi mínu við Mýrarhúsaskóla frá 1982 til 2012. Ég tók reyndar launalaust leyfi í eitt ár á meðan börnin voru yngri en síðar fékk ég námsleyfi til þess að fara í Myndlistarskólann í Reykjavík. Og þá kom leirinn til sögunnar. En ég sleppti Mýrarhúsaskóla ekki og eftir að ég lauk diplómanáminu fór ég aftur að kenna. Það vantaði smíðakennara við skólann en ég starfa eingöngu við smíðakennslu í dag.“

Snýr mér kannski alveg að vinnustofunni og listinni

Ingibjörg segir að svo virðist sem að listsköpunin liggji í genunum alla vega í kvenlegg því báðar dætur sínar



Ingibjörg Ósk Þorvaldsdóttir.

hafi útskrifast úr Listaháskóla Íslands. „Sonurinn fetaði aftur á móti í fótspor föður síns og lagði rafeindafraeðina fyrir sig og er að ljúka námi í rafmagns- og rafeindaverkfræði.“ En svo kom vinnustofan til. „Já – loksins lét ég þann draum rætast. Ég má hætta kennslu og fara á eftirlaun eftir tvö ár og þá sný ég mér ef til vill alveg að vinnustofunni og leirlistinni. Ég er við ágætis heilsu og hef gott starfsþrek þannig að það er gaman að hafa eitthvað fyrir stafni þegar hinum raunverulega starfstíma lýkur.“

Þú ert með vinnustofu í Hafnarfirði. Sjálfur Nesbúinn. „Hafnarfjörður kom til af því að einn námsfélagi minn í Myndlistarskólanum tók húsnæði á leigu við Strandgötu 90, á mjög góðum stað við höfnina í Hafnarfirði. Húsið er kallað Íshús Hafnarfjarðar því áður fyrr var þar starfrækt hraðfrystihús og fiskverkun og fyrir tíma frystikistunnar gat fólk leigt þar frystihólf fyrir matvæli. Húsið er skammt frá þar sem Skipasmíðastöðin Dröfn var til marga ára áður en að skipaviðgerðum var hætt þar. Við vorum svo nokkur sem leigðum þar og komum okkur upp vinnustofum þannig að þar myndaðist lítið og notalegt samfélag. Vissulega er þetta nokkuð langt frá Nesinu og ekki verður komist hjá því að nota bíl til þess að fara þangað. Stundum finnst mér þetta of langt í burtu, en fyrir utan háannatíma tekur ekki svo langan tíma að rúlla á milli. En staðurinn er alveg frábær, í hjarta Hafnarfjarðar með höfnina á

aðra höndina og gott fólk í kringum mig. Ég fer oftast þangað eftir vinnu og nota síðan helgarnar mikið“

UM – ný hönnunarlína, skálasett og kertastjaki

Ingibjörg hefur tekið þátt í nokkrum sýningum að undanfögnu. Hún tók þátt í Hönnunars Mars í þriðja sinn á liðnum vetri og sýndi þá nýja hönnunarlínu sem heitir UM. Línan byggist á samspili tveggja efna, leirs og víðar. Í línunni er skálasett og kertastjaki. Í skálasettinu er ein stór skál og gengur hnota inn í rönd stóru skálarinnar og þjónar bæði hlutverki handfangs og skrauts. Á kertastjakanum er víðurinn eingöngu til skrauts. Í fyrri sýndi hún kryddjurtapottinn „Lífæð“ en potturinn er samsettur úr tveimur hlutum. Í efri hlutann fer jurtin ásamt moldinni en í þeim neðri er vatn og næring og snæri sér um að flytja vatnið úr neðri hlutanum til plöntunnar. Síðastliðið sumar bauðst henni að taka þátt í samnorðrænni sýningu „New Nordic Fashion Food Design“ á vegum sendiráðanna í Berlín. Verk Ingibjargar bera sterkan keim af notagildi en einnig af listsköpun – af þörfinni að skapa; kaffikannan, stjakar, blómaker og fleira getur hentað vel til nota en hin listræna hugsun og handbragð er þó aldrei langt undan. Hver hlutur á sér sín einkenni hvort sem hugmyndin er sótt í snúning, vafninga eða eitthvað annað. Vafningurinn er þó sjaldan langt frá leirlistarmanninum því



Myndirnar eru af nokkrum verkum sem Ingibjörg hefur skapað.

snúningurinn í rennibeknum er undirstaða svo margra hluta sem gerðir eru úr leir.

Vinnustofan togar meira en líkamsrækt

Ingibjörg kveðst hafa fengið góða umfjöllun um verk sín. Hún geti ekki annað en verið ánægð með árangurinn. „Nú sem stendur vantar bara meiri tíma til þess að sinna leirlistinni. Trúlega fer ég í þetta á fullu þegar ég kemst á eftirlaun í kennslunni. Það er gott að vera búinn að leggja drög að því hvað maður ætlar að gera þegar kemur að þeim

tíma. Ég held að konur séu almennt betur búnar undir þessi tímamót er karlar nema að þeir hafi komið sér upp sérstökum áhugamálum eða verkefnum fyrir fram. Ég stefni alla vega á leirinn. Hann verður mitt aðalstarf og alltaf gaman þegar vel gengur. Vinnustofan togar alla vega meira í mig í dag en líkamsræktin þótt hún geti líka verið ágætt hobbí.“

Skiptum á eldhúsinu og bílskúrnun

En aðeins frá listinni. Ingibjörg hefur búið á Seltjarnarnesi ásamt manni sínum Sigurði

Ásgrímssyni rafvirkjameistara og sprengusérfræðingi hjá Landhelgisgæslunni um árabil. Hvað kom til að þau settust að á Nesinu. „Þegar við fórum af stað að leita okkur að íbúð til að kaupa var ég búin að kenna í eitt ár á Seltjarnarnarnesi. Sigurður sem er alinn upp á Siglufirði og starfar auk þess hjá Landhelgisgæslunni hafði mikinn áhuga á að við gætum búið okkur heimili nálægt sjónum. Hann er eins og sjófuglarnir að því leyti að hann vill helst geta séð út á sjó. Ég er aftur á móti alin upp í miðbænum og síðan í Fossvogi þangað sem fjölskylda mín fluttist. Ég er því ekki tengd sjó á

sama hátt og hann en gat vel hugsað mér að koma hingað vestur eftir – ekki síst þegar ég var farin að starfa á Nesinu. Þetta hafði því verulega áhrif á hvar við leituðum að húsnæði. Það var svo fyrir tilviljun að við duttum niður á gullfallega íbúð á Eiðistorgi. Þetta var stór þriggja herbergja íbúð með góðu útsýni beint út yfir Faxaflóa. Þetta gat ekki hentað betur. Ég í göngufæri frá vinnustaðnum og Siggí með draumaútsýnið sitt út um stofugluggann. En svo gerðist það eins og hjá flestum fjölskyldum að okkur fjölgaði. Fjölskyldan stækkaði og þótt íbúðin á Eiðistorginu væri rúmgóð þá hentaði hún ekki nægilega vel eftir að börnin voru komin til sögunnar þannig að við fluttum okkur um set. Reyndar niður á jörðina út á Látraströndina þar sem við búum í dag og við höldum útsýninu. Látraströndin hefur líka hentað vel að öðru leyti. Ég gat komið mér upp vinnuaðstöðu í bílskúrnun. Maðurinn minn sér um næstum öll eldhústörfin og hefur gaman af því að elda. Ég segi því stundum í gríni að við höfum skipt á eldhúsinu og bílskúrnun.“

Ingibjörg hefur komið sér upp heimasíðu www.inosk.is þar sem er vandaðar myndir og kynningar á verkum hennar.

Við sendum heim!

17" RISA NEW YORK PIZZA

frá kr. **1.990**

NYC.1956

SBARRO

5.14.14.14

JL-HÚSIÐ KRINGLAN SMÁRALIND

NÝR
STABUR VIÐ HRINGBRAUT
- Í JL HÚSINU -

Háskólatorg opið öllum

- byggir á samfélagslegri ábyrgð

Á Háskólatorgi, sem staðsett er í nýbyggingu við hlið Aðalbyggingar Háskóla Íslands, er ýmiss konar starfsemi starfrækt allt árið um kring. Má þar nefna Bóksölu stúdenta, Hámu og Stúdentakjallarann. Háskólatorg er öllum opið og er öllum velkomið að nýta sér þá þjónustu sem þar er boðið upp á.

Eins og alkunna er þá er gjarnan hagstæðara verð á vörum og þjónustu á þeim svæðum sem stúdentar sækja og er það sama uppi á teningnum á Háskólatorgi. Það er rúmt á Háskólatorginu og fleiri og fleiri njóta þess að koma þangað. Hvort sem það eru nemendur að vinna verkefni eða fólk utan úr bæ sem tekur tölvurnar með, tengir sig við netið í Bóksölu stúdenta eða í Stúdentakjallarannum og sinnir margvíslegum viðfangsefnum.

Þjónusta á sem hagstæðustu verði

Félagsstofnun stúdenta rekur veitingasöluna á Háskólatorgi auk Bóksölnnar, en Félagsstofnunin er í eigu stúdenta og ekki rekin í hagnaðarskyni. Allur reksturinn miðar því að því að veita vöru og þjónustu á sem hagstæðustu verði. Þess njóta allir viðskiptavinir þeirra, hvort sem um stúdentar er að ræða eða aðra og því má segja að reksturinn heyri undir samfélagslega ábyrgð – því hagstætt verð er öllum viðkomandi og stuðlar að auknum lífsgæðum hjá öllum. Hvort sem þeir stunda nám eður ei.

Háskólavörur í stað lunda

Í Bóksölu stúdenta fást námsbækur í miklu úrvali auk alls almenns bókakosts, ritfanga og gjafavöru á frábæru verði. Lögð er áhersla á námsbækur við upphaf haust- og vorannar auk þess sem Bóksalan sérhæfir sig í sérpöntunum fyrir viðskiptavinum af öllum stærðum og gerðum. Dæmi eru um áhugamenn víða um



Bóksalan er eina bókabúðin í Vesturbænum.

heim sem hafa gert samning við Bóksöluna um að senda þeim bækur sem gefnar eru út á Íslandi um sértæk efni sem þeir eru áhugamenn um, s.s. íslenskar kirkjur, rit gefin út af Árnastofnun eða hvaðeina sem fólki dettur í hug og gefið hefur verið út í bók. Einnig er mikið úrval af háskólavörum til í versluninni, s.s. háskólapeysum sem eru merktar Háskóla Íslands. Slíkar vörur njóta vaxandi vinsælda, t.d. hjá ferðamönnum, sem leita að skemmtilegum minjagripum til að fara með heim að ferð lokinni. Áhugasamir geta kynnt sér málið nánar á www.boksala.is

Heitur matur undir þúsund krónum

Veitingasalan Háma er opin allan daginn. Þar er hægt að fá fjölbreyttar veitingar á verði sem leitun er að annars staðar. Má þar nefna að heit máltíð kostar 980 krónur. Hægt er að fylgjast með matseðli Hámu á heimasíðunni www.hama.is. Auk þess er boðið upp á allskyns samsetta rétti, samlokur og fleira auk hins sívinsæla salatbars, sem opin er í kringum hádegis og hefur mælst vel fyrir.

Fjölskyldan velkomin

Stúdentakjallarinn veitir sömu ódýru



Ódýrar veitingar í Hámu.



Stúdentakjallarinn er fyrir fjölskyldufólk.

þjónustuna. Auk sölu veitinga af matseðli og bar er fjölbreytt dagskrá viðburða sem höfðar til sem flestra eins og sjá má á www.studentakjallarinn.is. Risaskjór er á staðnum sem er mikið í notkun, þar sem bíómyndir eru sýndar alla daga auk flestra stórra íþróttaleikja. Stúdentakjallarinn skartar glæsilegum plöntuvegg sem einn og sér er vel heimsóknarinnar virði. Margt fjölskyldufólk kemur í Stúdentakjallarann, bæði stúdentar og aðrir, enda andrúmsloftið skemmtilegt og auðveldlega hægt að bjóða allri fjölskyldunni í mat án þess að hafa áhyggjur af reikningnum.

Flótt sumarföt, fyrir flóttar konur

Stærðir 38-58

Verlunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

SUMARNÁMSKEIÐ FYRIR
BÖRN OG UNGLINGA

SKRÁNING STENDUR YFIR

WWW.MIR.IS
S. 551-1990

MYNDLISTASKÓLINN

Í REYKJAVÍK

Gæludýrablessun í Seltjarnarneskirkju

Gæludýrablessun verður í Seltjarnarneskirkju laugardaginn 27. maí kl. 11.00. Í fyrri var boðið upp á sérstaka gæludýrablessun að erlendri fyrirmynd í Seltjarnarneskirkju. Þá komu gæludýraeigendur með 18 hunda, einn kött og 2 páfagauka.

Rúmlega 100 manns mættu og tókst gæludýrablessunin afar vel.

Laugardaginn 27. maí kl. 11 ætlum við að bjóða aftur upp á slíka athöfn. Gæludýrin eru vinir okkar og eiga svo sannarlega skilið að fá blessun líkt og við mannfólkið. Sr. Bjarni Þór Bjarnason, sóknarprestur, þjónar í þessari athöfn. Organisti er Friðrik Vignir Stefánsson. Félagar úr Kammerkór Seltjarnarneskirkju syngja. Við syngjum meðal annars lög um dýrin okkar.



PC og Apple tölvuviðgerðir

Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna

 TÖLVULAND

Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík
Sími 899 3417 · www.tölvuland.is

Tveggja nesja messa á uppstigningardag

Eldri bæjarbúar á Nesinu fara í heimsókn á Álftanes á uppstigningardag, 25. maí næstkomandi en þá er dagur aldraðra haldinn hátíðlegur. Á þeim degi býður Seltjarnarnessókn eldri bæjarbúum í ókeypis ferð á Álftanes. Lagt verður af stað með rútu frá Seltjarnarneskirkju með viðkomu á Skólabraut og Eiðismýri kl. 10.15.

Eldri borgarar á Álftanesi taka á móti hópnum í Bessastaðakirkju kl. 1. Þá hefst guðsþjónusta þar sem séra Hans Guðberg Alfreðsson, prestur við Bessastaðakirkju þjónar fyrir altari og séra Bjarni Þór Bjarnason, sóknarprestur á Seltjarnarnesi predikar. Í þessari messu sameinast nesin tvö, Álftanes og

Seltjarnarnes. Þess vegna er hægt að kalla þessa messu N-2 messu eða tveggja nesja messu. Í fyrri komu Álftnesingar í heimsókn í Seltjarnarneskirkju á uppstigningardag og erum við að endurgjalda þá heimsókn 25. maí næstkomandi. Eftir messuna er Seltirningum eins og öðrum kirkjugestum boðið að þiggja veitingar að Brekkustíg 1, sem er safnaðarheimili Álftnesinga. Þar verður boðið upp á skemmtiatriði og söng. Gert er ráð fyrir að koma til baka um kl. 14. Allir eru hjartanlega velkomnir í þessa ferð. Þeir sem hafa hug á að koma þurfa að tilkynna þátttöku fyrir 24. maí í síma 561-1550 eða 899-6979.


Rauða ljónið
síðan 1989

HEITUR MATUR
Í HÁDEGINU
OG Á KVÖLDIN

TAKTU MED
eða
BORDADU Á STAÐNUM

Alvörumatur





Í traustum
höndum á
Óðinsgötu 1



MANDUKA
skara fram úr!

PRO, PROlite
eKO, eKOLite,
eKO fisléttar
og fylgihlutir.

MÖNTRU
ARBÖND!

Silfruð, gyllt
& rósagull.

NÝ SENDING KOMIN
TIL LANDSINS.

HUGLEIÐSLA ÁRSINS
ER FLOT!

Í fjórum litum/
munstrum: Blá - Svört og
Blá munstruð eftir Sigga Eggerts
Blá munstruð eftir Sigga Odds
Verð: 16.400 kr.
Líka í netsölu á www.systrasamlagid.is



7 DAGA
SYKURHREINSUN
SEM VIRKAR!

Blanda frá Viridian sem er gott dæmi um frábæra hugsun, mikla rannsóknarvinnu og einstaklega vonduð vinnubrögð sem skilar árangri.

Inniheldur: Króm, kanilextrakt og alfa línólín sýru.

Losar okkar við eða minnkar sykurlöngun til framtíðar.

ÓÐINGÖTU 1, REYKJAVÍK

Ný heimasíða: www.systrasamlagid.is
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:

Mán. - fös.: 9 - 18.

Laugardagar: 11 - 17.

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

Senn líður að lokum hefðbundinnar vetrardagskrár félags og tómstundastarfs eldri bæjarbúa og við tekur ný dagskrá með breyttum áherslum yfir sumarmánuðina. Undanfarna daga og vikur hefur dagskráin verið nokkuð þétt og verður það áfram út maí mánuð. **Vorfagnaður** var haldinn 27. apríl sl. Kokkar Grillvagnsins mættu með sinn góða mat, Kriztina frá Hreyfilandi kætti viðstadda með fjörugum dansi og endaði með meginhluta fólksins á dansgólfinu. Svenni nikkari þandi nikkuna eins og enginn væri morgundagurinn, sagðar voru skrýtlur, sungið og farið með gátur ásamt happdrættinu góða. Það var samdóma álit allra að þetta hafi verið eitt skemmtilegasta kvöld í langan tíma.

Heilsudagar voru svo haldnir á Seltjarnarnesi dagana 4.-6. maí og áttu þeir að gefa bæjarbúum innsýn inn í starf og heilsuefingu stofnana bæjarins. Eldri borgarar buðu íbúum sveitarfélagsins í heimsókn og til þátttöku í þessum dögum en það verður að segjast eins og er að þátttakan var nánast engin meðal bæjarbúa, en eldri borgarar stóðu við sitt þessa daga. Framundan eru viðburðaríkar vikur. Fasta dagskráin á sínum stað og tíma út þennan mánuð.

Þegar þessar línur eru settar niður er **snryrtivörkynning, bingó, sameiginleg ferð félagsstarfsins og kirkjunnar í Skálholt og leikhúsférfé** á dagskránni næstu daga.

HANDVERKSSÝNING

Hefðbundinni dagskrá félagsstarfsins hvað námskeiðin varðar lýkur svo með handverkssýningu. Sýningin opnar á degi eldri borgara, uppstigingsdag sem ber upp á fimmtudaginn 25. maí kl. 15.00-18.00. Sýningin verður síðan opin föstudag og laugardag frá kl. 14.00 – 18.00.

Á sýningunni verður margt fállegra muna eins og venja hefur verið, en þar verða gripir frá handavinnukonum, leir og listasmíðju, glernámskeiði, timburmönnum og bókbandi. Í tengslum við sýninguna verða sölubásar og vöflukaffi. Fólk er hvatt til að fjölmenna og taka með sér vini og vandamenn.

Fimmtudaginn 1. júní kl. 13.30. Félagsvist í salnum á Skólabraut.

Fimmtudaginn 8. Júní kl. 13.30. Bingó í salnum á Skólabraut.

SUMARFERÐIN

FIMMTUDAGINN 29. JÚNÍ. Skráning er hafin í árlega sumarferð félags og tómstundastarfsins sem er dagsferð. Í þessari ferð stendur til að heimsækja m.a. Ljósafoossvirkjun, Sólheima og Úlfjótuvatn. Einnig eigum við heimboð í sumarbústað í Grímsnesinu. Í ferðinni gerum við ráð fyrir léttum hádegisverði og svo verður farið á veitingastað á heimleiðinni og snæddur kvöldverður. Allar nánari upplýsingar, endanlegt skipulag og verð liggur fyrir í byrjun júní. Skráning nauðsynleg. Skráningarblöð liggja frammi á Skólabraut og Eiðismýri. Einnig er skráning hjá Kristínu í síma 8939800. (Ath. lágmarks þátttaka 30 manns).

Eins og undanfarin sumur koma starfsmenn frá Ungmennaráði til með að skipuleggja og starfa með eldri borgurum í félags og tómstundastarfinu. Margt verður í boði og er verið að leggja lokahönd á skipulagið. Gera má ráð fyrir því að boðið verður upp á félagsvist og bingó, tölvanámskeið, gönguferðir, þútt og bótisa ásamt kaffihúsaferð og fleiri skemmtilegum viðburðum.

Bestu óskir um gleðilegt sumar.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:

581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er



Sverrir Einarsson

www.utforin.is



Kristín Ingólfssdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



UMHVERFISHORNID

Fugl mánaðarins - Hrossagaukur



Hrossagaukur í biðildansi við Bakkatjörn 27. apríl 2013

Hrossagaukur er algengur varpfugl á Seltjarnarnesi. Hann verpir helst í móum og graslendi, bæði blautu og þurru. Hann hefur aðlagast náþýli við manninn, svipað og stelkurinn. Varpstofninn er nokkuð stöðugur, hefur verið 4-8 pör frá árinu 1955. Hrossagaukur er farfugl og sést sjaldan í hópum og þeim þá litlum. - Hrossagaukurinn er leyndardómsfullur fugl og fer oftast huldu höfði nema á vorin, þá er hann mjög hávæ, flýgur í hringi yfir óðali sínu með einkennandi „hneggi“, hljóði sem hann myndar með vængjum og stélfjóðrum. Á jörðu niðri kallar hann með raddböndunum: tjakka-tjakka-tjakka.

Texti og mynd: Jóhann Óli Hilmarrson, johannoli.com


F.h. umhverfisnefndar, Margrét Pálsdóttir formaður.

ÍSLENSKA KÍSILSTEINEFNIÐ FRÁ GEOSILICA INNIHELDUR HREINAN JARÐHITAKÍSIL



- Styrkir bandvefinn*
- Stuðlar að þéttleika í beinum*
- Styrkir hár og neglur*
- Stuðlar að betri myndun kollagens fyrir sléttari og fállegri húð*

KRISTÍN
JÚLÍUSDÓTTIR
„Ég fékk nokkra
skallabletti líkleg-
ast vegna áfalls.“



Fyrst leit þetta ekkert svakalega vel út þar sem hárið virtist ekki ætla að koma til baka. Ég byrjaði að taka Kísilinn frá geoSilica inn á hverjum degi og viti menn hárið byrjaði að vaxa á ógnarhraða! Ég er svo ánægð að þetta gerðist svona fljótt því lækarnir sögðu að hárið kæmi kannski ekki aftur og ekki væri til úrræði sem er betra en annað. En kísillinn frá geoSilica fékk hárið til að vaxa aftur!”

geoSilica kísilvatnið fæst í öllum helstu apótekum, heilsuvörverslunum, Hagkaupum, Nettó, Fjarðarkaupum og vefverslun geoSilica.

geoSilica
ICELAND

Nánari upplýsingar má finna á www.geosilica.is

*Rannsóknir hafa sýnt fram á þessi áhrif, kísilvatnið er fæðubótarefni og kemur ekki í staðinn fyrir lyf.



* Gulir blettir af völdum sólarvarna nást betur úr, í samanburði við fyrri formúlu.

Lionsklúbburinn styrkir Leiðarljós



Eiríkur Steinþórsson formaður Lionsklúbbs Seltjarnarnes og Bárá Sigurjónsdóttir Forstöðumaður Leiðarljós ásamt fulltrúum Lions.

Lionsklúbbur Seltjarnarnes afhenti nýlega Leiðarljós stuðningsmiðstöð fyrir langveik börn styrk upp á eina og hálf milljón. Klúbbfélagar höfðu heyrt af fjárhagsvanda Leiðarljóssins og að þau hafa þurft að skerða starfsemiina verulega vegna fjárskorts. Við fjárlagagerð hefur dregið verulega úr styrk frá ríkinu.

Leiðarljós þurfa um 25 milljónir króna til að halda úti starfsemi en fá rétt tæpan helming af því af fjárlögum. „Þetta er erfitt dæmi fyrir okkur segir Bárá Sigurjónsdóttir forstöðumaður Leiðarljós“, en þau styðja 75 fjölskyldur langveikra barna og 16 fjölskyldur eru í sorgarhópnum hjá þeim. Venjulega styrkir klúbburinn ekki með peningagjöfum en kaupir alla að jöfnu tæki og tól og afhenda ýmsum líknarstofnunum þau. Lionsklúbbur Seltjarnarness brá út af vananum að þessu sinni og klúbbfélagar afhentu Leiðarljósi þessa peningagjöf í von um að fleiri Lionsklúbbar geri hið sama.

Þorgrímur Þráins með ritsmiðju í bókasafninu

Er saga á bak við alla skapaða hluti?

Bókasafn Seltjarnarness býður upp á einstaka ritsmiðju með Þorgrími Þráinssyni undir yfirskriftinni „Er saga á bak við alla skapaða hluti?“ í júní n.k. Þorgrímur hefur áratuga reynslu af skapandi vinnu með unglingum og nýtur mikillar hylli sem slíkur.

Í námskeiðinu spyr hann: „Leynist ekki saga á bak við alla krakka, hvert hús og hvern einasta hund? Fuglarnir, blómin og meira að segja fötin okkar hafa sögu að segja. Það er í alvörundi saga á bak við alla skapaði hluti og það geta allir skrifað sögur - langar eða stuttar.“

Rithöfundurinn Þorgrímur Þráinsson hefur reglulega haldið námskeiði í ritlist fyrir börn sem fullorðna og hvatt þau til að virkja ímyndunaraflíð. Til að skrifa sögu þarf fræðslu, næði, frjótt ímyndunarafl og smávegis af hugrekki. Þorgrímur segir frá því hvernig hann skapar persónur, spinnur söguþráð og á námskeiðinu mun hann virkja börn og unglinga til verka.



Unnið verður bæði á bókasafninu og í náttúrunni.

Námskeiðið er ætlað börnum frá 9 til 13 ára sem búsett eru á Seltjarnarnesi og á höfuðborgarsvæðinu. Skráning fer fram á heimasíðu Seltjarnarness undir Mínar síður.

Námskeiðið fer fram dagana 19. til 23. júní frá kl. 9 til 13 og er ein nestispása þar sem börnin borða eigið nesti. Ritsmiðjan er ætluð börnum og unglingum fæddum 2004 til 2008, en ekki er tekið strangt á aldurstakmörkum. Hámarksfjöldi á námskeiðið eru 20 börn. Námskeiðsgjaldið er kr. 7.500,-

Mætum á völlinn í sumar og styðjum Gróttu til sigurs!

áberandi

NESSKIP



geiri

TÉKKLAND
Bifreiðastöðun



Ljósmyndir: Eyjólfur Garðarsson

VIVALDI

errea
www.errea.is

Reykjavíkur Apótek



BRIM
SEAFOOD

ORKAN

S
Systrasamlagið

NES FRÉTTIR

**Foreldrar
verum samtaka**



Útivistarreglurnar

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannafæri utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþróttá- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.



SAMAN



Ríkislögreglustjórn



Meistaraflokkar hefja leik



Meistaraflokkur karla leikur í Inkasso-deildinni í sumar, næst efstu deild Íslandsmótsins eftir að hafa komist upp úr 2. deild síðasta haust. Fyrsti leikur Gróttumanna var á útivelli við Leikni frá Fáskrúðsfirði þar sem bæði lið skorudu tvö mörk og niðurstaðan jafntefli.

Föstudaginn 12. maí var svo margt um manninn á Vivaldivellinum þegar Fylkismenn komu í heimsókn. Árbæingum er spáð góðu gengi í sumar en þeir féllu úr Pepsi-deildinni síðasta haust. Skemmst er frá því að segja að Gróttumenn tóku forystuna í fyrri hálfleik en skómmu síðar jafnaði Fylkir metin. Því miður tókst Fylkismönnum að knýja fram sigur í

blálokin en barátta Gróttustrákanna var til mikillar fyrirmyndar. Gróttu vann svo frábæran sigur á Selfossi 0-1 og skoraði Ásgrímur Gunnarsson sigurmarkið fyrir Gróttu. Gróttu er komið með fjögur stig eftir 3 leiki og er það fín byrjun á mótinu.

Meistaraflokkur kvenna byrjaði Íslandsmótið sunnudaginn 14. maí þegar þær sóttu Augnablik heim í Fífuna. Eftir markalausan fyrri hálfleik reyndust stelpurnar spræku úr Kópavoginum sterkari og höfðu að lokum öruggan sigur. Gróttu leikur sinn annan leik í deildinni föstudaginn 19. maí þegar Fjölnir kemur í heimsókn og viku síðar halda þær austur á firði og leika við Fjarðabyggð og Einherja.

Sjöundu flokkar á Cheerios móti



Sjöundu flokkar karla og kvenna tóku þátt í Cheerios móti Víkings í Fossvoginum í byrjun maí.

Gaman var að sjá flotta takta hjá krökkunum sem hafa æft vel í vetur, strákarnir undir stjórn Bjössa, Axels og Péturs og

stelpurnar hjá Pétri Má og Eydís. Góð þátttaka er í báðum flokkum en í sumar munu stelpurnar fara til Akureyrar á stórmót og strákarnir til Sauðárkróks. Nú nálgast sumarið óðfluga og munu þjálfarar taka vel á móti nýjum iðkendum sem langar að æfa fótbolta í sumar.

Næsta verkefni er Partille Cup



Fimmti flokkur karla staðið í ströngu að undanfögnu. Yngri árið í flokknum lék á Ísafirði og Bolungavík á sínu seinasta móti í vetur. Þar féldi Gróttu fram tveimur liðum líkt og áður í vetur.

Gróttu 1 endaði í 4. sæti í 1. deild og Gróttu 2 endaði í 2. sæti í 3. deild. Flott tilprif sáust hjá liðunum og margt jákvætt í þeirra leik. Heildarúrslitin í vetur urðu síðan þannig að Gróttu 1 endaði í 4. sæti og voru eingöngu einum sigurleik frá bronsi um Íslandsmeistaratilinn. Gróttu 2 kleif upp styrkleikalista HSÍ yfir veturinn og verður gaman að fylgjast með þeim á næsta ári. Ferðin heppnaðist vel og allir komu sælir og kátir á Nesið eftir skemmtilega helgi.

Eldra árið lék í Valsheimilínu helgina 5. til 7. maí og atti þar kappi

við bestu lið landsins í 1. deildinni. Liðið vann stóra sigra á Haukum og HK en var í hörkuleikjum gegn Val og Selfossi. Síðasti leikurinn gegn Selfyssingum verður lengi í minnum hafður fyrir frábæra endurkomu í síðari hálfleik og mikla háspennu. Því miður unnu Selfyssingar að lokum en leikurinn virkilega vel leikinn. Með þessum úrslitum endaði Gróttu í 3. sæti á mótinu og endaði í heildakeppninni um Íslandsmeistaratilinn einnig í 3. sæti. Frábær niðurstaða hjá strákunum.

Næsta verkefni strákanna er stórt og mikið; sjálft Partille Cup, stærsta og flottasta handboltamót í heimi í byrjun júlí. Fram að móti munu strákarnir æfa vel og undirbúa sig fyrir þetta skemmtilega mót.

Fjórir Gróttustrákar í U15

Gróttu á fjóra fulltrúa í æfingahópur hjá U15 ára landslið karla.

Í þeim hópi eru Eðvald Þór Stefánsson, Grímur Inga Jakobsson, Hannes Ísberg Gunnarsson og Krummi Kaldal Jóhannsson. Hópurinn æfir helgina 28. til 30. maí næstkomandi.

Gróttu óskar þessum fjórum leikmönnum hjartanlega til hamingju með valið og óskar þeim góðs gengis á æfingunum.



Björt framtíð hjá sjöunda flokki kvenna

Alls tóku 33 Gróttustelpur í 7. flokki kvenna þátt í Selfossmóti helgina 5. til 7. maí.

Mikið var um falleg mörk, varnartilþrif og góðar markvörslur. Framtíðin er björt með þessar flottu handboltastjórnur. Myndirnar eru frá mótinu.



Ferðaskrifstofan sem breytir lífi þínu!

Mundo er öðruvisi ferðaskrifstofa.
Innihaldsrikar ferðir fyrir fullorðna.
Skiptinám og sumarþúðir fyrir unglunga.

Allar nánari upplýsingar:
mundo.is.

MUNDO
www.mundo.is



SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinn er Arnar Þór Helgason tvítugur knattspyrnumaður sem leikur með Gróttu í Inkasso-deildinni. Hann hefur spilaði vel í miðju varnarinnar í fyrstu leikjum Gróttu. Arnar er útskrifaður úr Verzlunarskóla Íslands og er að læra viðskiptafræði í Háskóla Reykjavíkur.

Fullt nafn? Arnar Þór Helgason.

Fæðingard. og ár? 9. júlí 1996.

Starf? Nemi í Háskóla Reykjavíkur.

Farartæki? Alex.

Helstu kostir? Frábær bílstjóri og mjög glaður nema þegar ég er svangur.

Eftirlætis matur? Erfið spurning, verð bara að segja góður börr.

Eftirlætis tónlist? Bob Marley, Guns N Roses, Ehrling, Quarashi og Áttan.

Eftirlætis íþróttamaður?

Emmanuel Adebayor.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?

Master Chef, Krúnuleikar og Vínir.

Uppáhalds leikari? Cruise control Tom.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð?

Blades of Glory.

Hvað gerir þú í fristundum þínum?

Spila folf og golf.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á?

Chamonix í Frakklandi.

Hvað metur þú mest í fari annarra?

Lífsgleði, Eurovisionáhuga og stemningu.

Hvern vildir þú helst hitta?

Mig sjálfan eftir 30 ár.

Uppáhalds vefsíða?

fofbolti.net

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf?

Folf sett.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir

5 milljónir í happdrætti? Flytja inn

Scooter fyrir lokahóf Gróttu og kaupa

ársbygðir af bláum Kristal. Kaupa

nafníð á Pepsi-deildinni og breyta henni



í Bombu-deildina. Loks myndi ég bjóða 7 góðum vinum til Tel Aviv og setja afganginn á svartan.

Hvað myndir þú gera ef þú værir

bæjarstjóri í einn dag? Mitt fyrsta verk yrði að fjarlægja hlaupabrautina af

Vivaldivellinum. Myndi svo rölja niður á

Eiðistorg, opna nýjan Serrano veitingastað og borða fyrstu vefjuna. Eftir hádegi yrði

götum bæjarins lokað og haldin GoKart keppni sem myndi fara allan Neshringinn.

Ef það væri ekki búið að reka mig um kvöldmatarleytið þá myndi ég líklegast

halda gott party í Gróttuvitanum.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni?

Spila með Gróttu í Pepsi-deildinni, fá mér annað tattoo, framleiða minn

eigin rakspira og vonandi búa einhvern tímunn á Akureyri. Ekki má gleyma að

hafa gaman.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu?

Ég fór í lasna útskriftarferð. Spilaði

folf og golf. Komst upp um deild

með Gróttu eftir skemmtilegt

tímabil. Síðan fórum við strákarnir í

menningarferð til Vestmannaeyja um

verslunarmannahelgina. Að lokum fór ég

nokkrum sinnum í sund.

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK



GETRAUNANÚMÉR
GRÓTTU ER
170



göðgæti frá Jóa Fel

Kökur og kruðurí að hætti Jóa Fel

Bakarið við Hringbraut er opið alla virka daga frá kl. 7 - 18
og frá kl. 8 - 17 um helgar.

Verið hjartanlega velkomin.



BAKARÍ

Holtagarðar & Smáralind & Kringlan & Gardabær & Hringbraut